



**40. fundur Skólanefndar Tónlistarskólans á Tröllaskaga
haldinn í fjarfundi, þriðjudaginn 16. apríl 2024
og hófst hann kl. 08:15**

Fundinn sátu:

Tómas Atli Einarsson, Þórhalla Karlsdóttir og Sigríður Jódís Gunnarsdóttir.

Starfsmenn:

Magnús Guðmundur Ólafsson starfsmaður, Ríkey
Sigurbjörnsdóttir deildarstjóri og Gísli Bjarnason sviðsstjóri.

Fundargerð ritaði: Gísli Bjarnason, Sviðsstjóri fræðslu - og menningarsviðs

Katrín Sif Ingvarsdóttir, boðaði forföll og í hennar stað kom Sigríður Jódís Gunnarsdóttir. Aðrir sem sitja fund: Ave Kara Sillaots, fulltrúi starfsfólks á TÁT. Ave fór af fundi kl. 09:00.

Dagskrá:

1. 202402018 - Mánaðarlegar skýrslur 2024

Magnús Guðmundur Ólafsson, skólastjóri TÁT, fer yfir fjárhagslegt stöðumat á TÁT.

Lagt fram til kynningar.

2. 202402041 - Bréf mennta- og barnamálaráðuneytis dags. 7.2.2024 vegna fyrirhugaðrar úttektar á tónlistarskólum

Tekið fyrir bréf frá Mennta - og barnamálaráðuneytinu dags. 07.02.2024 er varðar úttektir á tónlistarskólum.

Lagt fram til kynningar.

3. 202402005 - Styrktarsjóður TÁT

Magnús Guðmundur Ólafsson, skólastjóri TÁT fór yfir drög að Skipulagsskrá vegna styrktarsjóðs TÁT.

Skólanefnd TÁT leggur til að Magnús skólastjóri TÁT vinni frekari drög að reglum fyrir næsta fund hjá nefndinni.

4. 202402040 - Skóladagatal skólanna 2024 - 2025

Magnús Guðmundur Ólafsson, skólastjóri TÁT, fer yfir drög að skóladagatali TÁT fyrir skólaárið 2024 - 2025.

Skólanefnd TÁT samþykkir með þremur atkvæðum skóladagatal TÁT fyrir skólaárið 2024 - 2025.

5. 202404080 - Starfsmannamál TÁT 2024

Magnús Guðmundur Ólafsson, skólastjóri TÁT, fer yfir stöðuna á starfsmannamálum hjá TÁT

Lagt fram til kynningar.

6. 202404081 - Nótan. Uppskeruhátíð 2024

Magnús Guðmundur Ólafsson, skólastjóri TÁT upplýsti um þátttöku skólans í uppskeruhátíð Nótunar 2024.

*Uppskeruhátíð í Ólafsfjarðarkirkju.
Atriði.*

*1. Jakob Örn Hvanndal Gíslason syngur lagið „Vinir í gegnum þykkt og þunnt“
höfundur lags*

Henry Mancini. Undirleikur á píanó, Ave Kara Sillaots.

2. Marcel Úlfur Davidson leikur á píanó/flygil Le coucou (Gaukurinn) eftir Daquin.

*3. Jökull Freyr Hauksson syngur lagið „Pokemon theme song“. Ingi Rafn
Ingvason leikur*

með á trommur.

*4. Ólafur Árni Haraldsson syngur lagið Skyfall eftir Adele. Undirleikur á píanó,
Ave Kara
Sillaots.*

7. 202307014 - Gjaldskrár 2024

Uppfærð gjaldskrá TÁT lögð fyrir skólanefnd TÁT.

*Leiðrétting á gjaldskrá TÁT í framhaldi af tilmælum samningsaðila við gerð
síðustu kjarasamninga.*

*Skólanefnd samþykkir með þremur atkvæðum uppfærða gjaldskrá TÁT og
nefndin leggur til að uppfærð gjaldskrá taki gildi frá upphafi næsta skólaárs
tónlistarskólans.*

8. 202404082 - Vorpróf, vortónleikar og skólaslit hjá TÁT 2024

Magnús Guðmundur Ólafsson, skólastjóri TÁT fór yfir þá viðburði sem verða á vegum TÁT nú á vordögum.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:20

40. fundur Skólanefndar Tónlistarskólans á Tröllaskaga

* Rafræn skilríki

Undirritað af: Sigríður Jódís Gunnarsdóttir

Kennitala: 2904913559

Tími: 16.04.2024 13:14

Rafræn undirritun í fundagátt Dalvíkurbyggðar

Undirritað með OneSign

* Rafræn skilríki

Undirritað af: Þórhalla Karlsdóttir

Kennitala: 3006753369

Tími: 16.04.2024 13:29

Rafræn undirritun í fundagátt Dalvíkurbyggðar

Undirritað með OneSign

* Rafræn skilríki

Undirritað af: Tómas Atli Einarsson

Kennitala: 2807715119

Tími: 16.04.2024 15:11

Rafræn undirritun í fundagátt Dalvíkurbyggðar

Undirritað með OneSign